

167. fundur Stjórnarfundur Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

Aðalfundur haldinn í Fjölheimum 10.06.2026 kl. 16:30.

Mættir: Valdimar Hafsteinsson ritari, sem stýrði fundi, Halldóra S. Sveinsdóttir, Ester Ýr Jónsdóttir, Magðalena Jónsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Hulda Kristjánsdóttir boðaði forföll.

1. Ársreikningur 2025

Eyjólfur framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning ársins 2025. Heildartekjur voru 196,4 millj.

Rekstrargjöld voru 200,2 millj. Fjármagntekjur var 1,4 millj og því rekstrartap 2,4 millj. Stafar

aukinn kostnaður og taprekstur aðallega vegna aukins kennslukostnaðar. Reikningur

samþykktur samhljóða.

2. Ársskýrsla 2025

Námskeiðahald gekk að mörgu leiti vel á árinu, fleiri námskeið voru haldin, fleiri útskrifaðir námsmenn og minna brottfall. Námskeiðahaldið fer fram á 6 sviðum sem eru

misumfangsmikil, heildarnemendastundum fjölgaði töluvert. Heildarstöðugildi voru 7,8 og

fækkaði úr 8,25. Heimsóknnum og flettingum á vefsíðu fer stöðugt fjölgandi eftir að ný síða

fór í loftið 2023. Ársskýrslan er samþykkt samhljóða.

3. Húsnæðismál

Nýr húsaleigusamningur sveitarfélagsins Árborgar og Háskólafélags Suðurlands var

undirritaður í apríl og samið til loka árs 2030. Húsnæði Fræðslunetsins er því tryggt í þann

tíma.

4. Önnur mál

a. Framkvæmdastjóri flutti fréttir úr starfseminni og vert er að geta að aukið framlag kom

til starfseminnar frá ráðuneytinu, sem er eyrnamerkt átaki í fjölgun umönnunar- og

heilbrigðisstörfum. Fræðslunetið fékk úthlutað 6,5 millj. úr þeirri úthlutun.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17:42

Valdimar Hafsteinsson ritaði fundargerð